



Ársskýrsla Menntaskólans við Hamrahlíð 2024



Apríl 2025

Inngangur

Ársskýrsla skóla er meðal þeirra atriða sem áskilin eru af hálfu ráðuneytis í skólasamningi. Hún er ekki formbundin að öðru leyti en því að svokallaður prófíll sem fylgir henni lýtur sniðmáti sem ráðuneytið leggur til. Skýrslunni er alls ekki ætlað að vera ítarlegt yfirlit um starfsemi skólans á árinu heldur er hér stiklað á fáeinum atriðum og að nokkru vísað til hinnar árlegu sjálfsmatsskýrslu um frekari upplýsingar. Í skýrslunni er fjallað stuttlega um hvernig skólanum hefur gengið að ná árangursmælikvörðum sem hann hefur sett sér í stefnumiðaðri áætlun ríkisaðila.

Efnisyfirlit

Nemendatölur	4
Námsbrautir	4
Samstarf við aðrar stofnanir	5
International Baccalaureate Organisation	5
Listdansskólar	5
Menntaskóli í tónlist	5
Aðrir framhaldsskólar	6
Grunnskólar	6
Háskólar	6
Annað samstarf	6
Starfsmannahald – kennsla og stjórnun	7
Umhverfismál	8
Fjármál	9
Framkvæmdir í MH	9
Mötuneyti á Matgarði	10
Launagreining	10
Árangursmælikvarðar og markmið úr stefnumiðaðri áætlun ríkisaðila	11
Að hækka hlutfall þeirra sem ljúka stúdentsprófi frá MH á þremur árum	11
Bæta mætingu nemenda	11
Að auka starfsánægju og skilvirkni í rekstri	11
Lokaorð	12
„Prófíll“	13

Nemendatölur

Fjöldi nemenda í byrjun vorannar 2024 var um 890. Þar af voru eldri nýnemar sem fluttu sig á milli skóla um áramótin, 27. Á haustönn var heildarfjöldinn rúmlega 1000, þar af 252 nýnemar (10. bekkingar) og 42 eldri nýnemar úr öðrum framhaldsskólum. Alls voru útskrifaðir 193 nemendur á árinu, 128 í maí og 65 í desember. Flestir útskrifast af opinni braut og voru með ensku eða sálfræði sem fyrstu og aðra kjörgrein. Nemendur sem eru á IB-braut útskrifast einungis að vori og sama má segja um nemendur af fjölnámsbraut sem útskrifast með framhaldsskólapróf eftir fjögur ár í MH. Vorið 2024 útskrifaðist 21 af IB-braut en enginn af fjölnámsbraut.

Um 65% þeirra sem útskrifuðust vorið 2024 höfðu lokið náminu á þremur árum eða 6 önnum og tæplega 70% höfðu lokið náminu á 7 eða færri önnum. Haustið 2024 var hlutfall þeirra sem höfðu lokið náminu á 7 eða færri önnum rúmlega 88%.

Nemendur úr öðrum framhaldsskólum stunda nám í norsku og sænsku í MH og fer sú kennsla fram eftir að hefðbundinni kennslu lýkur á daginn. Nemendur í norsku voru 13 að vori og 25 að hausti og nemendur í sænsku voru 39 að vori og 44 að hausti. Einn og einn nemandi úr öðrum skóla fær að taka áfanga í japönsku í MH þar sem hann er eini skólinn sem býður upp á nám í japönsku.

Brotthvarf nýnema, samkvæmt skýrslu unninni af mennta- og barnamálaráðuneyti, var 3,0% á árinu sem er örlítið minna en árið áður. Ítarlegri nemendatölfræði er að finna í [sjálfsmatsskýrslu](#) skólans en hún miðar við skólaárið hverju sinni.

Námsbrautir

Skólinn útskrifar stúdenta af sjö brautum: Félagsfræðabraut, málabraut, náttúrufræðibraut, opinni braut, listdansbraut, listmenntabraut og IB-braut. Allar brautir skólans, að undanskilinni IB-braut, hafa fengið staðfestingu Menntamálastofnunar.

Haustið 2024 útskrifaðist fyrsti nemandinn af listmenntabraut. Sú braut var sett á laggirnar haustið 2023 en þeim nemendum skólans sem vildu bauðst þá strax að skipta yfir á hana. Á brautinni sérhæfa nemendur sig í listgreinum og velja á milli leiklistar og myndlistar sem aðallistgreinar.

Fjölnámsbraut er áttunda brautin og haustið 2024 voru fleiri nemendur innritaðir á hana en áður. Fyrir voru 14 nemendur á brautinni og bættust 8 nýir við. Til að mæta þessari fjölgun þurfti að gera ýmsar breytingar á aðstöðunni. Skrifstofa deildarstjóra brautarinnar var færð yfir í stofu sem unnið var í að standsetja sumarið



Mynd 1 Dúx og semidúx ásamt rektor skólans haustið 2024

2024. Það var löngu tímabært að brautin fengi meira rými og reyndar ekki boðlegt að hafa skrifstofu deildarstjóra inni í kennslustofu þar sem kennsla fór fram alla daga.

IB-brautin er alþjóðleg braut þar sem rúmlega 90 nemendur stunda nám. Nám á henni er skipulagt í samræmi við kröfur IB-samtakanna. Haustið 2024 var tekið á móti tvöfalt fleiri nemendum í undirbúningsnámið fyrir IB-brautina, PreIB, og þar með reynt að fjölga þeim sem hafa góðan undirbúning fyrir tveggja ára IB-námið.

Samstarf við aðrar stofnanir

Starfsemi skólans tengist mörgum stofnunum eins og Landvernd, Umhverfisstofnun, Jafnréttisstofu og fleirum, eins og lög gera ráð fyrir. Skólinn starfar einnig náið með ýmsum menntastofnunum.

[International Baccalaureate Organisation](#)

Skólinn er í samstarfi við International Baccalaureate Organisation IBO, um nám til alþjóðlegs stúdentsprófs sem kennt er á ensku. Samstarfið felur m.a. í sér skuldbindingu stjórnenda og kennara um að sækja námskeið sem samtökin bjóða upp á. Námskrá IB-námsins er uppfærð reglulega og krefst það mikillar vinnu af hálfu kennara brautarinnar að fylgjast með breytingum á henni. Nánar má lesa um [IBO](#) á heimasíðu skólans.

[Listdansskólar](#)

Skólinn vinnur með þremur listdansskólum: Listdansskóla Íslands, Klassíska listdansskólanum og Danslistaskóla JSB. Skólarnir eru með þjónustusamning við mennta- og barnamálaráðuneytið um að sjá um danskennsluna fyrir MH. MH ber ábyrgð á skráningu allra áfanga og einkunna nemenda úr þessum skólum sem stunda jafnframt nám við flesta framhaldsskóla höfuðborgarsvæðisins. Nemendur sem útskrifast af listdansbraut MH ljúka að jafnaði fleiri einingum til stúdentsprófs en nemendur hefðbundnu stúdentsbrautanna. Að jafnaði stunda um 30 nemendur nám á listdansbraut skólans. Vorið 2024 útskrifaði skólinn 5 nemendur af listdansbraut og haustið 2024 innrituðust 7 nemendur á brautina. Listdanssaga hefur verið hluti af kjarna listdansbrautar (10 einingar) en vorið 2024 var ákveðið að hætta að kenna hana og í staðinn tækju nemendur listatengda áfanga sem nú þegar eru kenndir í MH, sambærilegt við það sem er gert á listmenntabraut. Að vísu verður listdanssaga kennd í eitt ár til viðbótar, haustið 2025 og væntanlega vorið 2026, ef næg þátttaka fæst, að ósk listdansskólanna.

Í byrjun sumars 2024 fengu nemendur Listdansskóla Íslands að nýta húsnæði MH til að halda fjáröflunarsýningu fyrir keppnisferð til útlanda. Einnig hafa nemendur MH sem eru í listdansi fengið að nýta íþróttasali skólans til að æfa sig þegar þau eru með eyður í stundatöflunni. Þessi samnýting á húsnæðinu ber vott um gott samstarf og sýnir hversu gott samband er milli skólanna. Það á einnig við um samstarf á sviði tónlistar.

[Menntaskóli í tónlist](#)

MH og Menntaskólinn í tónlist (MÍT) eru með samstarfsamning þar sem nemendur MÍT, sem uppfylla inntökuskilyrði í MH, taka bóklegan hluta námsins í MH. Á vorönn 2024 voru 42 nemendur frá MÍT í MH og á haustönn 2024 voru þeir 46. Nemendur taka íslensku, ensku, dönsku, stærðfræði og einstaka valgreinar til að ljúka tilskildum einingafjölda í kjarna á brautum MÍT. Samningurinn hefur verið þannig að MH rukkar MÍT fyrir einingarnar sem nemendur þeirra þreyta í MH. Nemendur MÍT geta nýtt námsráðgjöf í MH og tekið þátt í félagslífinu eins og þeir vilja. Mikil samvinna var vorið 2024 þegar MÍT sá um lifandi flutning tónlistarinnar í söngleiknum Söngvaseið sem Leikfélag MH setti upp.

Stjórnendur MH vilja benda á að bæði dans og tónlist gætu verið hluti af námskrá skólans. MH er tilvalinn til að vera öflugur bóknámsskóli sem býði upp á þessar listgreinar til viðbótar við þær sem þegar eru kenndar innan veggja skólans.

Aðrir framhaldsskólar

Haustið 2024 tók nýr námstjóri í erlendum tungumálum af skarið og hafði samband við alla framhaldsskóla landsins til að halda utanum og kortleggja þörfina fyrir stöðupróf í erlendum tungumálum sem ekki eru kennd við skólana. Tungumálin sem um ræðir eru móðurmál nemenda í framhaldsskólunum eins og pólska, tékkneska, serbneska og fleiri. Mikil þörf hefur verið fyrir aukið samstarf og stýringu á skipulagningu stöðuprófanna og horfir þetta nú til betri vegar. Skólarnir skrá nemendur á sameiginlega lista og skipta á milli sín að skipuleggja stöðuprófin og finna fólk til að halda þau. Þetta var löngu tímabært því ekki fækkar þeim sem þurfa á þessum stöðuprófum að halda, þvert á móti. Næsta skref er að samræma gjaldská framhaldsskólanna fyrir stöðuprófin en hún hefur verið mjög mismunandi.

Grunnskólar

Vorið 2024 tóku rúmlega 90 nemendur úr 5 grunnskólum lokapróf í stærðfræði í MH. Flestir tóku próf í fyrsta áfanganum en einnig voru 7 nemendur sem kláruðu annan áfanga á náttúrufræðibraut. Grunnskólarnir sáu alfarið um kennsluna og fengu námsefnið frá MH. Að vori tóku nemendurnir próf í viðkomandi áfanga í MH á prófatíma, á tíma sem hentaði öllum skólunum. Áður fyrr tóku grunnskólanemendur einnig próf í ensku og íslensku en það hefur ekki verið raunin undanfarin ár.

Háskólar

Í áratugi hefur skólinn verið í samstarfi við Menntavísindasvið HÍ um móttöku og þjálfun kennaranema. Skólinn hefur einnið tekið á móti kennaranemum frá Háskólanum í Reykjavík, Listaháskólanum og Háskólanum á Akureyri. Að jafnaði eru 10-15 kennaranemar í húsi sem fá þjálfun og menntun í kennslu mismunandi faggreina

Annað samstarf


Skólinn tekur þátt í Erasmus- og Nordplusverkefnum og á síðastliðnu ári fengu nokkrir kennarar og starfsmenn styrk til ýmissa verkefna. Farið var með nemendur til Eistlands og Lettlands en skólinn tekur þátt í þriggja ára Nordplus Junior verkefni með Svíum, Lettum og Eistum. Farið var með nemendur til Frakklands en með ferðinni var verið að endurgjalda heimsókn til skóla sem hafði áður komið til MH. Þá fóru kennarar og starfsmenn á endurmenntunarnámskeið til Danmerkur, til Svíþjóðar í „job-shadowing“ verkefni og MH tók á móti heimsókn frá Finnlandi í „job-shadowing“.

Skólinn er í samstarfi við nokkra aðila í tengslum við tungumálakennslu. Samstarf við Konfúsíusarstofnunina Norðurljós við Háskóla Íslands um kínverskukennslu hefur staðið frá árinu 2011. Undanfarin ár hefur nemendum fækkað sem velja kínversku og vorið 2024 var engin kínverska kennd en haustið 2024 voru 14 nemendur í fyrsta áfanga. Samstarfið gerir MH kleift að halda úti kínverskukennslu þótt um fáa nemendur sé að ræða. Haustið 2024 var einungis boðið upp á fyrsta áfangann í kínversku og í framhaldi af því var boðið upp á annan áfanga að vori 2025. Þar eru núna 5 nemendur.

Ítölsk stjórnvöld hafa um árabil styrkt ítölskukennslu við skólann en skólinn er sá eini sem kennir tungumálið í staðnámi á Íslandi.

Starfsmannahald – kennsla og stjórnun

Eftirfarandi upplýsingar um fjöldataölur eru fengnar úr launagreiningargögnum fyrir októbermánuð 2024.



Mynd 2 Kynjahlutfall á þjónustusviði er 20% karlar og 80% konur. Á kennslusviði er hlutfallið 29% karlar en 71% konur og í yfirstjórn eru 25% karlar og 75% konur.

Í launagreiningunni er starfshlutfall alls starfsfólks skólans skoðað og út frá því er hægt að sjá starfshlutfall þeirra sem starfa við kennslu.

Starfshlutfall	Fjöldi	Hlutfall	% konur
Minna en 50%	3	4%	67%
50% - 99%	11	14%	64%
100%	63	82%	71%

Mynd 3 Rúmlega 80% kennara eru í 100% starfi og af þeim eru 71% konur.

Flestir kennarar við skólann eru á aldursbilinu 45 til 59 ára eða 31. Alls eru 27 kennarar yngri en 45 ára og 19 kennarar eru eldri en 59 ára.

Aldursbil	Fjöldi	Hlutfall	% konur
30 - 44 ára	27	35,1%	74%
45 - 59 ára	31	40,3%	65%
60 ára og eldri	19	24,7%	74%
	77	100%	

Mynd 4 Aldursbil kennara í MH október 2024

Yfirstjórn skólans mynda rektor, konrektor og áfangastjóri ásamt fjármálastjóra. Námsgreinar og tilheyrandi kennarar skiptast í þrjár deildir: Deild erlendra tungumála, deild íslensku, sögu, félags- og listgreina og deild náttúrufræða (raungreinar, íþróttir og stærðfræði). Forsvarsmenn þessara deilda kallast námstjórar og eru þeir í 50% starfi við stjórnun og kenna 50% á mót. Aðrir millistjórnendur í hlutastörfum á kennslusviði eru IB-stallari og deildarstjóri fjölnámsbrautar. Tveir starfsmenn annast almenna afgreiðslu á skrifstofu og bókhaldsstörf í samtals 1½ stöðugildi. Náms- og starfsráðgjafar eru þrír í samtals 2,8 stöðugildum, sálfræðingur er í 0,6 stöðugildi og bókasafns- og upplýsingafræðingar eru

tveir í 1,8 stöðugildi. Í námsveri skólans starfa þrír kennarar í u.þ.b. tveimur stöðugildum. Skjalastjóri er í 0,5 stöðugildi, hann er einnig persónuverndarfulltrúi í 0,2 stöðugildi og starfar að auki í námsveri. Nýr umsjónarmaður fasteigna hóf störf haustið 2023 og tók hann einnig að sér tölvu- og tæknimál hér innanhúss. Netstjóri var í 60% hlutfalli vorið 2024 ásamt því að vera netstjóri í MR en haustið 2024 kom hann að fullu til baka í MH. Haustið 2024 var starf tæknistjóra felld niður þar sem umsjónarmaður fasteigna kom að hluta inn í það verkefni. Matreiðslumeistari sér um mötuneyti starfsfólks ásamt aðstoðarmatráði. Fjórir vinna við ræstingar í u.þ.b. 3 stöðugildum en auk þess sér fyrirtækið iClean um ræstingu á kennslustofum og almennum rýmum skólans.

Lítill starfsmannavelta er við skólann og er starfsaldur frekar hár. Á árinu 2024 hættu tveir starfsmenn vegna aldurs, annar að vori og hinn að hausti.

Aldursbil	Fjöldi	Hlutfall	% konur
30 - 44 ára	31	30,4%	74%
45 - 59 ára	48	47,1%	73%
60 ára og eldri	23	22,5%	70%
	102	100%	

Mynd 5 Starfsaldur alls starfsfólks í MH í október 2024

Umhverfismál

MH hefur uppfyllt skilyrði allra fimm skrefanna í verkefninu Græn skref ríkisstofnana sem Umhverfisstofnun stýrir og eitt af því sem þarf að gera er að halda grænt bókhald.

Grænt bókhald veitir margvíslegar upplýsingar, t.d. um kaup skólans á vörum og þjónustu og magn úrgangs, og þar er kolefnisspor skólans reiknað. Skólinn hefur skuldbundið sig til að kolefnisjafna alla losun, t.d. með því að kaupa vottaðar kolefniseiningar.

Yfirmarkmið umhverfis- og loftslagsstefnu MH er að fram til ársins 2030 muni skólinn draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um 40% miðað við árið 2019. Staðan í maí 2024 var sú að minnkunin næmi 18%. Helstu umhverfisþættir í starfsemi MH eru úrgangsmýndun, orkunotkun, samgöngur, innkaup, efnanotkun og umhverfisfræðsla. Markmið og aðgerðir í öllum þessum þáttum eru sett fram í [aðgerðaáætlun skólans](#) sem er aðgengileg á heimasíðunni.

Skólinn leggur áherslu á að hvetja til umhverfisvænna samgangna og fara stjórnendur þar fremstir í flokki og hjóla til vinnu. Vegna aðhalds í fjármálum hætti skólinn að vera með samgöngusamninga við starfsfólk árið 2024. Í stað þess var starfsfólki boðið að taka þátt í happdrætti og þau sem nýttu sér umhverfisvænar samgöngur á leið til og frá vinnu skráðu sig til leiks. Nemendur geta tekið áfanga í íþróttum sem heitir hjólað í skólann og taka um 50 nemendur þátt í þeim áfanga á hverri önn.

Frá og með hausti 2024 velja allir nemendur á milli áfanga í umhverfisfræði og kynjafræði. Kennarar sem skipuleggja umhverfisfræðiáfangann og koma til með að kenna hann vor 2025 koma úr mörgum mismunandi greinum, þ.e. jarðfræði, eðlisfræði, sögu, heimspeki og sálfræði.

Fjármál

Fjárhagsstaða skólans versnaði á árinu 2024. Heildarútgjöld skólans voru 1.897 millj. kr. sem var um 51,4 millj. kr. meira en nam framlagi og tekjum. Því versnaði staða skólans á árinu sem nemur þeirri fjárhæð og er hrein eign skólans í árslok -48,9 millj. kr.

Framlag ríkissjóðs hækkaði um 95,5 millj. kr. á milli ára en gjöld hækkuðu um 115,9 millj. kr., þar af laun um 71,5 millj. kr. og húsaleiga um 28,6 millj. kr. Hækkun á framlagi hélst ekki í hendur við launa- og verðlagshækkanir ársins. Framlag ríkissjóðs til rekstrar ræðst aðallega af fjölda nemenda í fullu námi. Áætlaður fjöldi nemenda er 930 og stóð sú tala í stað á milli ára.

Skólinn hefur óskað eftir að ráðuneytið endurskoði framlag til skólans vegna sérverkefna eins og IB náms og norsku- og sænskukennslu, sem er of lágt miðað við kostnað.

Rekstrarreikningur

	2024	2023	Breyting	
Tekjur				
Framlag ríkissjóðs til rekstrar	1.750,4	1.654,9	95,5	6%
Innritunar og efnisgjöld	25,9	25,3	0,5	2%
Kennsluframlag og aðrar tekjur	51,1	54,5	- 3,4	-6%
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	18,2	16,1	2,1	13%
	1.845,6	1.750,9	94,7	5%
Gjöld				
Laun	1.378,5	1.307,0	71,5	5%
Húsaleiga	385,8	357,2	28,6	8%
Annar rekstrarkostnaður	114,5	100,8	13,8	14%
Afskriftir	18,2	16,1	2,1	13%
	1.897,1	1.781,1	115,9	7%
Afkoma (-tap) ársins	-51,4	-30,2		

Framlag ríkissjóðs til eignakaupa á árinu 2024 var 25,4 millj. kr. og voru helstu eignakaup endurnýjun á húsgögnum í kennslustofum 12 millj. kr., önnur húsgögn um 8,4 millj. kr. og endurnýjun á tölvum 6,8 millj. kr.

Framkvæmdir í MH

Skólinn skilar framkvæmdaáætlun til Ríkiseigna á hverju ári. Í samvinnu við Ríkiseignir og arkitekta hússins er búið að gera framkvæmdaáætlun til fimm ára.

Sumarið 2024 voru miklar framkvæmdir í húsinu:

- Taka þurfti kennslustofu á austurgangi skólans alveg í gegn þar sem í henni fannst raki. Stofan var tvískipt með léttum óhljóðeinangruðum vegg á milli. Annar hluti hennar var venjuleg kennslustofa en hinn hefur nýst í viðtöl kennara við nemendur í yndislestri. Reyndar var sú ráðstöfun frekar óhentug þar sem engin hljóðeinangrun var til staðar eins og áður sagði. Vegna rakans þurfti að brjóta upp gólf og laga lagnir og endurnýja ýmislegt. Að þeirri vinnu lokinni var gólfið teppalagt en dúkur verður lagður síðar, til samræmis við önnur rými í byggingunni. Nýr veggur var settur á milli stofanna og þar með urðu til kennslustofa og annað minna rými sem fjölnámsbrautin fékk til afnota. Þangað flutti deildarstjóri brautarinnar og fékk þar með vinnuaðstöðu fyrir sig og kennara deildarinnar. Áður hafði vinnuaðstaðan verið í sömu stofu og kennsla brautarinnar fór fram í sem var á allan hátt óboðlegt. Vegna þessara breytinga var hægt að taka á móti fleiri nemendum á brautina haustið 2024. Laga hefði þurft glugga og þak í leiðinni í þessum stofum þar sem leki hefur verið sýnilegur í langan tíma. Það var ekki gert og því eru lekaskemmdir strax sýnilegar á nýjum loftum í þessum rýmum.
- Ljósritunarherbergi, stofu 34, sem hýsti bæði ljósritunarvélar og netþjón var skipt í tvennt til að búa til vinnuaðstöðu fyrir kennara. Þar eru nú 6 borð og 4 af þeim eru með frjálssu sætavali þannig að allir geta tyllt sér þar til að vinna. Ljósritunaraðstaðan og netþjónninn eru í fremra rýminu og reynist töluvert ónæði af því. Þessi breyting er viðleitni til að bæta aðstöðu kennara sem mikið hefur verið kvartað undan.
- Vinnuherbergi í kjallara skólans var breytt í fundaaðstöðu þar sem hana hefur vantað sárlega í húsinu. Kennarar sem voru þar með vinnuaðstöðu sameinuðust öðrum kennurum á þeirra vinnuherbergjum og sum færðu sig í stofu 34. Víða eru mikil þrengsli en þetta verður að duga á meðan ekki gefst kostur á fleiri rýmum sem hægt er að nýta sem vinnuaðstöðu. Eldhúsi, við hlið fundaherbergisins í kjallaranum, var einnig skipt upp í tvö rými. Eldhúsið er áfram í öðru þeirra en hitt nýtist sem skrifstofuaðstaða fyrir starfsfólk sem þarf að vera með ákveðna viðveru eins og hjúkrunarfræðingur og samskipta- og jafnréttisráðgjafi. Bæði skrifstofurýmið og fundaherbergið nýtast einnig fyrir kennara til að taka viðtöl við nemendur en eina rýmið sem áður var notað til þess var tekið undir aðstöðu fyrir fjölnámsbrautina, eins og áður hefur komið fram.

Mötuneyti á Matgarði

Í byrjun árs 2024 opnaði mötuneyti fyrir nemendur sem hefur verið efst á óskalista nemenda undanfarin ár. Þar geta nemendum nú keypt heitan mat eða salat í hádeginu. Matráður var ráðinn til starfa sem reyndist vel, hann var tilbúinn að takast á við verkefnið og koma af stað nýrri menningu í MH. Nemendur geta keypt matarkort og fá þar með afslátt af verði hvernar máltíðar. Mötuneytið er hluti af Sómalíu, sjoppu NFMH, sem hefur verið starfrækt við skólann alla tíð. Nemendur hafa alltaf unnið við afgreiðslu í Sómalíu en eftir styttingu náms til stúdentsprófs hefur verið mjög erfitt að fá þá til starfa. Framtíðin á eftir að leiða í ljós hvernig rekstri mötuneytisins verður best háttað. Það er hins vegar augljóst að nemendur eru mjög ánægðir og þakklátir fyrir þessa bættu þjónustu og aðgengi að heitum mat.

Launagreining

Hluti af því að vera með jafnlaunavottun er að gera launagreiningu til að mæla kynbundinn launamun. Niðurstöður launagreininga hjá MH síðastliðin ár hafa sýnt að lítill launamunur mælist á milli kynjanna. Greining sem gerð var á launum októbermánaðar 2024 leiddi í ljós að þegar uppreiknuð grunnlaun karla

og kvenna, að teknu tilliti til starfsmatsstiga, voru borin saman þá reyndust konur með 0,06% hærri laun en karlar. Markmið skólans er að munurinn sé ávallt innan við 1,5% og hefur það markmið náðst á hverju ári.

2024		2023	2022
7,62%	Meðalmunur á heildarlaunum karla og kvenna sem vinna hjá MH í október 2024 er 7,62% körlum í hag	3,50%	13,70%
5,27%	Meðalmunur á uppreiknuðum heildarlaunum karla og kvenna sem vinna hjá MH í október 2024 er 5,27% körlum í hag	2,72%	8,75
5,71%	Meðalmunur á uppreiknuðum heildarlaunum karla og kvenna miðað við starfsmatsstig er 5,71% körlum í hag	2,65%	5,48%
-0,06%	Meðalmunur á uppreiknuðum grunnlaunum karla og kvenna miðað við starfsmatsstig er 0,06% konum í hag	0,92%	-1,09%

Árangursmælikvarðar og markmið úr stefnumiðaðri áætlun ríkisaðila

Eitt af meginmarkmiðum stjórnvalda er að fleiri nemendur ljúki stúdentsprófi á þremur árum og að einingum sem nemendur ljúka á hverju ári fjölgi. Skóli eins og MH hefur alltaf boðið nemendum sínum að taka námið á þeim hraða sem hentar (innan vissra marka) og stjórna þannig sjálf álaginu í sínu námi. Þar með hafa nemendur getað sinnt áhugamálum eins og tónlist, listdansi, leiklist og íþróttum án þess að upplifa að þau standi sig ekki í námi.

Stjórnendur skólans hafa sett sér metnaðarfull markmið og árangursmælikvarða sem tengjast ólíkum þáttum starfseminnar. Tekist hefur að uppfylla sum markmiðin að fullu, sum að hluta, en hægar gengur með önnur.

Að hækka hlutfall þeirra sem ljúka stúdentsprófi frá MH á þremur árum.

Um 65% þeirra sem útskrifuðust vorið 2024 höfðu lokið náminu á þremur árum eða 6 öðrum og haustið 2024 var hlutfall þeirra sem höfðu lokið náminu á 7 eða færri öðrum rúmlega 88%. Gera má ráð fyrir að þetta hlutfall haldist svipað þar sem áhersla á að hvetja nemendur til að klára námið á þremur árum er ekki eins sýnileg nú og áður. Við viljum styðja nemendur til að sinna náminu vel, taka þátt í því sem gerist utan kennslustofunnar og geta sinnt áhugamálum sínum.

Bæta mætingu nemenda

Vel er fylgst með nemendum og mætingum þeirra með það að leiðarljósi að grípa inn í áður en í óefni er komið. Skólasóknarreglurnar eru frekar rúmar. Fullt tillit er tekið til veikinda, þ.e. engar fjarvistir eru skráðar á veikindadögum, og lágmarkskröfur um mætingu er 90% þegar búið er að draga frá öll veikindi og leyfi sem nemandi kann að hafa fengið á viðkomandi önn. Þetta fyrirkomulag hefur ekki reynst nógu skilvirkt. Finna þarf leiðir til að bæta mætingu hins almenna nemanda en um leið auka aðhald og stuðning við þá sem eiga erfitt með að mæta í skólann af ýmsum ástæðum. Þetta er dæmi um verkefni sem er stöðugt í vinnslu.

Að auka starfsánægju og skilvirkni í rekstri

Skólinn hefur lagt metnað í að auka starfsánægju og skilvirkni í rekstri en stundum fer þetta tvennt ekki saman. Á árinu var samgöngustyrkur til starfsfólks lagður niður sem og heilsustyrkur þar sem skólinn hafði ekki fjármagn til þeirra. Það er miður að geta ekki boðið upp á styrki sem þessa þar sem þeir skipta starfsfólk miklu.

Síðastliðið ár varð skólinn nr. 16 í könnuninni Stofnun ársins, í flokki stærri stofnana ríkisins, og hlaut því ekki titilinn fyrirmyndarstofnun eins og undanfarin ár. Í floknum sjálfstæði í starfi er stofnunin í 4. sæti. Það teljum við til marks um að starfsfólkið upplifi að því sé treyst til að sinna því sem þau bera ábyrgð á og það teljum við mikilvægt.

Starfsmannasamtöl eru í reglulegu ferli og miðast starfsmannaviðtöl kennara við þær annir sem kennslukannanir eru gerðar í þeirra fagi. Annað starfsfólk fær viðtal þess á milli. Markviss upplýsingagjöf er í föstu ferli með vikupistlum rektors til starfsfólks þar sem farið er yfir viðburði liðinnar viku og dagskrá næstu viku kynnt.

Starfsfólk fær jólagjöf frá skólanum sem að þessu sinni var kassi með ítölskum olíum og kryddum og ýmsu öðru tengdu mat. Einnig fær starfsfólkið ávexti og hafragraut alla daga og páskaegg um hverja páska. Allir sem nýta sér umhverfisvænar samgöngur geta tekið þátt í happdrætti. Rúmlega 20 manns taka þátt í því og eru vinningar, sem eru smáir í sniðum, oft tengdir því sem er í gangi hverju sinni eins og t.d. bleikum október eða mottumars.

[Birtar stefnur skólans má finna á heimasíðunni](#)

Lokaorð

Skólastarfið árið 2024 einkenndist af fjölbreyttum áskorunum þar sem reyndi á ólíka hæfni, þekkingu og leikni nemenda og starfsfólks. Félagslíf nemenda einkenndist af sætum sigrum. Á vorönn settu nemendur MH ásamt nemendum úr MÍT upp söngleikinn Söngvaseið. Sýningin sló í gegn og vakti mikla athygli allra sem sáu og var uppfærslunni líkt við uppfærslur atvinnuleikhúsa. Einnig tókst MH-ingum að vinna Gettu betur og var það í annað skipti sem það gerðist í sögu skólans. Það er gaman að segja frá því að aðalleikkona Söngvaseiðs var einnig í liði skólans í Gettu betur og var henni veitt viðurkenning úr minningarsjóði Sverris Einarssonar fyrrum rektors, við brautskráningu vorið 2024. Hún er gott dæmi um nemanda sem nýtir tímann í framhaldsskóla til hins ítrasta og skilar miklu til skólans. Til að sýna enn betur hversu trygg hún er skólanum þá var hún ein af þjálfurum Gettu betur liðsins veturinn 2024-2025 og allir vita hvernig það fór.

Í skólanum er reynt að skapa gott umhverfi þar sem hver og einn getur dafnað á sínum forsendum og starfsfólk styður við nemendur á öllum sviðum. Skólinn stendur frammi fyrir þungum rekstri en starfsemin blómstrar á sinn hátt samkvæmt gildum skólans.

MH, 30. apríl 2024

Helga Jóhannsdóttir, settur rektor MH

„Prófill“

Stærð skóla, fjöldi nemenda og starfsmanna: MH er skóli með tæplega 1000 nemendur og liðlega 100 starfsmenn í 10.000 fermetra húsnæði. Áætlaðir ársnemendur samkvæmt fjárlögum 2024 voru 930.

Námsframboð: Skólinn starfar eftir áfangakerfi. Starfræktar eru eftirfarandi brautir við skólann skv. aðalnámskrá framhaldsskóla: Félagsfræðibraut, málabraut, náttúrufræðibraut, opin braut, listmenntabraut og listdansbraut til stúdentsprófs. Samkvæmt sérstakri námskrá International Baccalaureate Organization og heimild menntamálaráðherra frá 1997: IB-námsbraut, þ.e. nám til samræmds alþjóðlegs stúdentsprófs. Þá er fjölnámsbraut (sérnámsbraut) við skólann með vísan til framhaldsskólalaga og laga um málefni fatlaðra.

Framkvæmd markmiða: Markmiðin sem fram koma í viðauka við skólasamning hafa sum náðst að fullu en önnur er áfram í farvegi. Skólinn hefur verið rekinn innan fjárheimilda þangað til núna. Að öðru leyti má vísa til tímabundinna markmiða og framgangs þeirra í sjálfsmatsskýrslu ársins.

Umbótaþættir eftir sjálfsmat: Í [sjálfsmatsskýrslu](#) eru sett markmið fyrir ýmsa þætti skólastarfsins. Unnið var að fjölbreyttum umbótamarkmiðum. Á árinu var m.a. lögð áhersla á að byrja með afreksíþróttaval, nýjar og endurbættar námsbrautir, nýja áfanga í kynjafræði og umhverfisfræði og auka fylgni með nýnemum skólans eftir fyrstu önnina. Einnig voru gerðar miklar endurbætur á vinnuaðstöðu kennara.

Úttektir: Engar ytri úttektir voru á árinu fyrir utan jafnlaunavottun sem er gerð árlega. Konrektor, fjármálastjóri og skjalastjóri skipa teymi sem heldur utan um jafnlaunavottunina og gera þau sjálf launagreiningu fyrir októbermánuð ár hvert og nýta til þess Emblu – forrit í Orra.

Afkoma, rekstrarstaða: Á árinu 2024 var ársveltan kr. 1.845,6 milljónir og afkoma kr. -51,4 milljónir. Skv. efnahagsreikningi er hrein eign kr. -48,9 milljónir í árslok.

Brottfall: Brotthvarf nýnema var 3% sem er er örlítið minna en árið áður og innan marka í stefnu skólans.

Stjórnun 2024: Auk rektors, Steins Jóhannssonar, er konrektor Helga Jóhannsdóttir, áfangastjóri Ásdís Birgisdóttir, fjármálastjóri Signý Marta Böðvarsdóttir, þrír námstjórar, deildarstjóri IB-náms og deildarstjóri fjölnámsbrautar.

Samvinna við aðra: Samvinna við IB-samtökin vegna alþjóðlegs stúdentsprófs sem MH býður upp á. Listdansskóli Íslands, Danslistarskóli JSB og Klassíski listdansskólinn eru samstarfsskólar um listdanskennslu nemenda á listdansbraut. Konfúsíusarstofnunin Norðurljós við HÍ er í samstarfi vegna kínverskukennslu. Samvinna við grunnskóla er vegna framhaldsskólaáfanga grunnskólanema. Við Menntaskóla í tónlist er samstarf varðandi bóklega áfanga nemenda á stúdentsbrautum í MÍT. Skólinn er í samstarfi við Menntavísindasvið HÍ og fleiri háskóla um móttöku og þjálfun kennaranema. Samstarf við Landvernd er vegna Grænánaverkefnis og Umhverfisstofnunar um Græn skref ríkisstofnana.

Sérstakar áherslur/sérsvið skólans: Undirbúningur fyrir háskólanám, ríkulegt og fjölbreytt val nemenda, umsjón með norsku- og sænskukennslu á framhaldsskólastigi, alþjóðleg námsbraut, kjarnaskóli í listdansi og kór Menntaskólans við Hamrahlíð.